

það lítið, munum vér gera sem oss er framast auðið, til að gera yður, hinn veglynda velgerðamann vorn, ánægðan.“

„Eg beiðist einskis fjár, kona góð,“ mælti Bayard; „umhyggja sú, er þér hafið fyrir mér borið, er miklu meiri en svari greiða þeim, er eg hef getað yður gert.“

Húsfreyja varð fremur forviða við svo fágæta ósérplægni en að hún gleddist við hana. Hún varpaði sér að nýju fyrir fætur velgjörðamanni sínum, og sór og sárt við lagði, að hún stæði eigi fyrr upp en hann tæki á móti þessum litla votti um þakklátsemi hennar.

Pá mælti Bayard: „Eg vil þá eigi neita yður um það, þar sem þér fyrir hvern mun viljið svo. En mætti mér auðnast sá sómi, að kveðja dætur yðar?“

Pá er hinar ungu meyjar komu, þakkaði hinn veglyndi hermaður þeim fyrir aðhjúkrun þeirra við sig, og kvað sér ilt þykja, að hann gæti eigi gefið þeim neitt til menja. „En hermenn“—mælti hann—„hafa sjaldan kostgripi, er sæmi ungum meyjum eins göfugum og bið eruð. Móðir ykkar hefur gefið mér tvær þúsundir og fimm hundruð gullpeninga. Af fé þessu gef eg hvorri ykkar eina þúsund að brúðgjöf; en þau fimm hundruð, sem um fram eru, ætla eg veslings-nunnunum í borg þessari, sem ræntar hafa verið, og bið eg yður, að skifta fé þessu á milli þeirra.“

### *DROTTINSVIKARINN SÆTIR AVALT FYRIR-LITNINGU.*

(Pýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Í sjö-ára-styrjöldinni var einhverju sinni maðr nokkur leiddur fyrir Friðrik annan Prússakonung. Maður þessi hafði áður verið í þjónustu hershöfðingja Austurríkismanna, en hlaupið á burt frá honum. Hann soldi konungi í hendur ýms áríðandi skjöl, er sjá mátti af ýmsar ráðagerðir fjandmannanna. Konungr bauð að gefa honum miðdegisverð, og kallaði hann síðan fyrir sig, og mælti þannig til hans: „Eg get eigi tekið þig í mína þjónustu; því að hvert traust gæti eg borið til þess manns, er gerst hefur drottinsvikari. Þarna hefur þú hundrað *Louisdóra* fyrir greiða þann, er þú ætlar að þú hafir gert mér; en haltu burt sem skjótast, og látt þig aldrei framar sjá í herbúðum mínum né liði; að öðrum kosti mun eg láta hengja þig á gálga.“